



**Í Stúlknakór Akureyrarkirkju** eru 32 stúlkur á aldrinum 13-17 ára. Þær eru nemendur í Brekkuskóla, Lundaskóla, Naustaskóla, Grenivíkurskóla og Menntaskólanum á Akureyri. Starf Stúlknakórs Akureyrarkirkju hefur verið blómlegt svo árum skiptir. Kórinn syngur reglulega á tónleikum og hefur tekið að sér

fjölda mismunandi verkefna í gegn um árin, m.a. sungið á tónleikum með Páli Óskari Hjálmtýssyni, Jóni Jósep Snæbjörnssyni, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Agli Ólafssyni, Björgu Þórhallsdóttur og Óskari Péturssyni. Kórinn hefur tekið þátt í Jólagestum Björgvins Halldórssonar, sungið jólasöngva í miðbæ Akureyrar á aðventu og sungið við hátíðahöld Háskólans á Akureyri 1. desember. Stúlknakórinn heldur einnig reglulega sjálfstæða tónleika, bæði á Íslandi og og erlendis en hann hefur farið á tveggja til þriggja ára fresti í tónleikaferð til Evrópu, t.d. til Svíþjóðar, Finnlands, Slóveníu, Austurríkis og Þýskalands.

Í kórnum fer fram tónlistarkennsla og söngþjálfun en auk þess eru margar stúlkanna á framhaldsstigi í tónlistarnámi. Mikil áhersla er lögð á félagslega þátt starfsins, mikið um námskeið, óvæntar uppákomur o.fl.

Starfið er félags- og tónlistarstarf sem fer fram í Akureyrarkirkju. Kórinn hefur þó engum skyldum að gegna gagnvart kirkjunni og syngur allar tegundir tónlistar.

Stjórnandi Stúlknakórs Akureyrarkirkju er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir en hún er með meistaraþráðu í kórstjórn og orgelleik frá Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn.